



# SKÝRSLA STJÓRNAR STARFSÁRIÐ 2022-2024



Hafnasambandsþing haldið á Akureyri 24.-25. október 2024

# INNGANGUR

Meginverkefni Hafnasambandsins hefur eins og áður verið að gæta hagsmuna íslenskra hafna gagnvart löggjafarvaldinu – ráðuneytum og Alþingi, auk þess að tryggja góð samskipti og samráð við opinberar stofnanir sem tengjast starfsvettvangi okkar. Jafnframt eru samskipti við önnur hagsmunasamtök tengd sjávarútvegi og samgöngumálum mikilvægur hluti af starfinu.

Stór verkefni eru fram undan sem snúa að afkomu og rekstri hafna um land allt. Hafnir hafa styrkst á undanförnum árum, aðallega vegna aukinnar komu farþegaskipa, sem hafa haft jákvæð áhrif á hafnir vítt og breitt um landið.

Áherslur Hafnasambandsins snúast fyrst og fremst um að efla og styrkja fjárhagslega hagsmuni hafnanna og hlut þeirra í framtíðar uppbyggingu sem mikilvægir innviðir í bæði samgöngum og þjónustu. Ný verkefni og áskoranir vegna orkuskipta í sjávarútvegi kallar jafnframt á öflugna uppbyggingu á orkuþjónustu á hafnarsvæðum.

Nýsamþykkar breytingar á hafnalögum m.a. varðandi gjaldtöku fyrir eldisfisk og seiði, ný mörk hafnarsvæða og rafræna vöktun á hafnarsvæðum kalla bæði á umræðu og yfirferð hjá öllum höfnum landsins.

## Hvað er fram undan?

Lögð verður áhersla á að aðlaga innviði og þjónustu að orkuskiptum með það að markmiði að styðja við umhverfisvænni orkugjafa fyrir skip. Stjórnvöld verða að átta sig á því að með þessum stóru breytingum þarf að fylgja aukið fjármagn til að tryggja sérstaklega að minni hafnir verði ekki undir. Að því sögðu mun Hafnasambandið leggja ríka áherslu á að eiga nánara samstarf við stjórnvöld til að efla jafnræði, öryggi og viðhald hafna.

Fylgt verður eftir áherslum Hafnasambandsins um að gjaldtaka fyrir eldisfisk og seiði, eigi að vera í formi aflagjalds og gerð verði heildarúttekt á öryggismálum vegna siglinga stærri skipa við stendur landsins.

Hafnasambandið mun halda áfram að gæta hagsmuna hafna á landsvísu með því að taka þátt í að samræma aðgerðir og stefnu stjórnvalda, ásamt því að undirbúa hafnir fyrir aukinn straum ferðamanna. Áskoranir þessu tengdu verða þónokkrar. Helst má nefna að stuðla að bættum innviðum og þjónustu við farþegaskip sem á endanum leiðir til tekjuaukningar nærumhverfisins, þróun umhverfisvænna lausna, minnkun kolefnisspors og innleiðingu nýrra tækni til að bæta orkunýtingu. Í þessum verkum munum við leggja höfuðáherslu á að vandað verði til verka!

# II. STJÓRNARFUNDIR OG NEFNDARSTÖRF

## STJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta hafnasambandsþingi hafa verið haldnir 19 stjórnarfundir, þar af margir fjarfundir. Sem fyrr hafa verkefni stjórnar verið fjölbreytt. M.a. hafa verið veittar umsagnir um mál sem hafa verið til umfjöllunar á Alþingi, fyrirspurnum svarað frá ýmsum aðilum, mál afgreidd sem m.a. hafa komið frá stjórnarmönnum og starfsmönnum og stjórnendum hafna. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel þar sem sérþekking nefndarmanna á hinum ýmsu sviðum kemur að góðum notum. Stjórn Hafnasambands Íslands tímabilið frá 2022 til 2024 var þannig skipuð:

### Aðalmenn í stjórn:

- Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarhöfn, formaður
- Gunnar Tryggvason, Faxaflóahafnir
- Pétur Ólafsson Hafnasamlag Norðurlands
- Arnfríður Eide, Fjarðabyggðarhafnir
- Elliði Vignisson, Þorlákshöfn
- Alexandra Jóhannesdóttir, Skagastrandarhöfn
- Þórdís Sif Sigurðardóttir, Vesturbyggðarhöfn

### Varastjórn:

- Björn Arnaldsson, Hafnir Snæfellsbæjar
- Dóra Björk Gunnarsdóttir, Vestmannaeyjahöfn
- Hanna Björg Konráðsdóttir, Reykjaneshöfn

Vorið 2024 lét Þórdís Sif Sigurðardóttir af störfum sem bæjarstjóri Vesturbyggðar og um leið vék hún úr stjórn Hafnasambandsins.

Á fyrsta fundi skipti stjórn með sér verkum og var Alexandra Jóhannesdóttir kjörin varaformaður og Pétur Ólafsson gjaldkeri.

## NEFNDASTÖRF

### Nefnd um hafnafund 2023

Aðalverkefni nefndar var að undirbúa hafnafund 2023 sem haldinn var í ráðstefnusal Hafrannsóknarstofnunar í Hafnarfirði föstudaginn 20. október 2023.

*Nefndarmenn:*

- Lúðvík Geirsson
- Arnfríði Eide Hafþórsdóttur
- Þórdís Sif Sigurðardóttur

### Ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila vegna laga um stjórn vatnamála

Nefndinni var falið að vinna að undirbúningi að tillögum til Umhverfisstofnunar að vatnaáætlun, aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun áður en tillögur færu í opinbera kynningu.

*Nefndarmenn:*

- Hanna Björg Konráðsdóttir
- Alexandra Jóhannesdóttir til vara

### Samráðsnefnd Hafnasambands Íslands og Fiskistofu (19. apríl 2023)

*Nefndarmenn:*

- Þórdísi Sif Sigurðardóttur

### Vinnuhópur umhverfisráðuneytis vegna aðgerðaráætlunar í loftlagsmálum (17. maí 2023)

*Nefndarmenn:*

- Lúðvík Geirsson

Fundargerðir stjórnar er að finna á vefsíðu hafnasambandsins [www.hafnasamband.is](http://www.hafnasamband.is).

## HELSTU UMFJÖLLUNARMÁL STJÓRNAR FRÁ 2022

Stjórn Hafnasambands Íslands fundaði 19 snum á kjörtímabilinu (18. nóvember 2022 – 23. október 2024). Flestir fundir fóru fram í gegnum fjarfundabúnað.

### BREYTING Á FRAMKVÆMD LANDAMÆRAEFTIRLITS

Fjallað var ítarlega um hugmyndir að breytingum á landamæraeftirliti en um var að ræða innleiðingu komu- og brottfarakerfisins (e. Entry/Exit System (EES) sem Ísland þarf að innleiða vegna aðildar sinnar að Schengen samstarfinu. Tilgangurinn er að tryggja öruggari og skilvirkari framkvæmd landamæraeftirlits á ytri landamærum. Jafnframt að styrkja löggæsluvöld í baráttunni við alvarlega glæpi og hryðjuverkastarfsemi. Í framhaldinu bárust samtökunum tilkynning frá Ríkislögreglustjóra, dags. 12. jan. 2023, um frekari frestun á innleiðingu kerfisins en óvíst er hvenær ný tímasetning liggur fyrir.

### KOMUR FARÞEGASKIPA

Stjórn hefur reglulega fjallað um komur farþegaskipa og bókaði stjórn í desember 2022 að hún tæki undir atriði sem komu fram í fréttatilkynningu Cruise Iceland frá 14. desember vegna gagnrýni fráfarandi ferðamálastjóra á komur farþegaskipa til landsins. Jafnframt vekur stjórnin athygli á því að þessar skipakomur skila verulegum tekjum í þjóðarbúið. Þær tekjur dreifast vítt og breytt um landið og þjónusta við farþegaskip og farþega þeirra hefur jafnframt skapað umtalsverð umsvif í ferðaþjónustu á öllum landssvæðum.“

### FJARVIGTUN

Málefnið hefur verið til umræðu milli Fiskistofu og Hafnasambands Íslands (HÍ) um nokkurt skeið, þar sem vitnað er í samstarfsyfirlýsingu sem var undirrituð að tillögu ráðherra. Fulltrúar HÍ hafa lagt til að farið verði í lagabreytingu til að veita ráðherra heimild til að setja reglugerð um fjarvigtun. Reglugerðin myndi þá kveða á um hvernig og hvar fjarvigtun yrði heimil, til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram, til dæmis í sveitarfélögum með fleiri en eina höfn. Það var samstaða um að báðir aðilar myndu skiptast á tillögum að nauðsynlegum breytingum og vinna saman að því að koma þeim í framkvæmd. Nú þegar kjörtímabili núverandi stjórnar Hafnasambands Íslands er að ljúka virðist verkefnið vera klárt og vonir standa til að tilraunaverkefni fari af stað innan tíðar.

### TILLAGA HAFNASAMBAND ÍSLANDS AÐ NÝJUM HAFNALÖGUM

Stjórn lagði mikla vinnu í að fara yfir hafnalög og útbúa tillögu að nýjum hafnalögum. Setti stjórn á laggirnar starfshóp sem í sátu: Lúðvík Geirsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Björn Arnaldsson, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Hanna Björg Konráðsdóttir, Gunnar Tryggvason og Þórdís Sif Sigurðardóttir. Jafnframt var Gísli Gíslason fyrrum hafnarstjóri Faxaflóahafna og formaður Hafnasambands Íslands fenginn til að aðstoða við verkefnið. Í framhaldi var tillaga að nýjum hafnalögum lögð fyrir stjórn þann 17. feb. 2023. Helstu breytingar núgildandi laga frá þeim eldri eru eftirfarandi:

- Ákveðið var að hverfa frá samræmdri gjaldskrá sem gefinn var út af samgönguráðuneytinu en hverri höfn látið eftir að setja sér gjaldskrá.
- Leitast var við að auka sjálfstæði hafna m.a. með því að gera höfnum kleift að starfa í mismunandi rekstrarformum.
- Leitt var í lög að almennar samkeppnisreglur giltu um starfsemi hafna.
- Leitt var í lög að almennar reglur um virðisaukaskatt giltu um rekstur hafna, sem ekki falla undir málaflokka sveitarsjóða.
- Leitast var við að auka gegnsæi og upplýsingagjöf gagnvart notendum.
- Opnað var á heimild hafna sem ekki teljast til opinbers rekstrar að greiða eigendum eðlilegan arð af fjárbindingu.

## UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á HAFNALÖGUM NR. 61/2003, GJALDTAKA OG FL.

Hafnasamband Íslands lagði fram umsögn til innviðaráðuneytisins þann 6. mars 2023 um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, mál nr. S-37/2023, er varðar gjaldtöku og fleira. Flosi Hrafn Sigurðsson, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fór yfir breytingarnar sem hafa verið gerðar á frumvarpinu og bar þær saman við fyrri athugasemdir hafnasambandsins. Þar má sérstaklega nefna nýtt eldisgjald sem bætist við lög. Einnig voru gerðar breytingar á afmörkun hafnarsvæða á sjó, sem skulu vera kláraðar eigi síðar en í lok árs 2025. Innviðaráðuneytinu var falið að koma með tillögur að útfærslum þessara breytinga, en jafnframt tryggja að hafnir hafi heimild til gjaldtöku á öllum þjónustusvæðum sínum, þar með talið viðlegusvæðum farþegaskipa.

## AÐGANGUR FISKISKTOFU AÐ EFTIRLITSMYNDAVÉLUM HAFNA

Sameiginlegur fundur Hafnasambands Íslands og Fiskistofu var haldinn þann 25. apríl 2023, þar sem fjallað var um hvernig ætti að framfylgja veitingu aðgangs að myndavélakerfum hafna og gjaldtöku fyrir þann aðgang, í samræmi við heimild sem kom inn í lög með lögum nr. 85/2022. Eftir fundinn var ritað minnisblað sem leiddi til eftirfarandi niðurstaðna:

- Hvort sem rafrænt eftirlit í höfnum sé lögheimil eða ólögbundin þjónusta þarf hún að rúmast innan gjaldtökuheimildar 17. gr. hafnalaga.
- Ekki er að finna skýra heimild til gjaldtöku fyrir aðgang að rafrænu eftirlitskerfi í 17. gr. hafnalaga hvorki gagnvart Fiskistofu eða öðrum.
- Gjaldtaka mætti ekki felast í öðru en aðgangi að fyrirliggjandi eftirlitskerfi hafnar, en ekki í stofnkostnaði slíks kerfis. Þó kemur ekki fram hvernig skuli veita aðgang að eftirlitskerfi og er því ekki lagaskylda á höfnum til þess að veita ákveðna tegund aðgangs.
- Löggjafinn hafði það sem markmið við setningu laga 85/2022 að ekki yrðu kostnaðarleg áhrif af setningu laganna. Meginregla við opinbert eftirlit er jafnframt að þeir sem sæta eftirliti geti ekki innheimt kostnað sem verður af opinberu eftirliti

gagnvart stjórnvaldi. Sérstjórnarmið geta átt við í þessu tilviki þar sem hafnirnar sem slíkar eru ekki andlag eftirlitsins.

## UMHVERFISEINKUNNARKERFI FYRIR SKEMMTIFERÐASKIP - ENVIRONMENTAL PORT INDEX – EPI

Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, kynnti nýtt umhverfiseinkunnarkerfi Faxaflóahafna fyrir skemmtiferðaskip (EPI vottunarkerfið), sem hafnirnar munu taka upp á þessu ári. Stjórn Hafnasambands Íslands fagnar þeim breytingum sem gerðar voru á hafnalögum síðastliðið vor, sem veita höfnum heimild til að taka mið af umhverfisframmistöðu skipa í gjaldskrá sinni. Hún bendir þó á að þessar heimildir einskorðist við hafnir sem falla undir 20. gr. hafnalaga. Mikilvægt er að tryggja að þetta ákvæði nái til allra rekstrarforma hafna, svo allir hafnarsjóðir geti notað gjaldskrár sínar til fulls til að hvetja til umhverfisvænni umferðar um hafnarsvæði, hvort sem það er með ívilnunum eða álögum.

Einnig var lagt var fram minnisblað frá Eflu, dags. 15. ágúst 2023, sem fjallar um mælaborð fyrir umhverfisástand hafna á Íslandi. Þar kom meðal annars fram:

- Alþjóðleg samtök eins og IMO og ESPO hafa lagt áherslu á sjálfbærni í hafnarekstri, og umhverfiseinkunnarkerfi eins og EPI hefur verið innleitt til að vakta og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.
- Umhverfiseinkunnarkerfið (EPI) er hannað til að aðstoða hafnarstjórn við að fylgjast með og minnka umhverfisáhrif, og hvetur hafnarnotendur til að taka ábyrgð á sínum áhrifum með því að verðlauna þá sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Kerfið styður við ákvarðanatöku fyrir innleiðingu nýrra lausna sem stuðla að aukinni sjálfbærni í höfnum á Íslandi og aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum.

## NIÐURLAG

Frá síðasta Hafnasambandsþingi í Snæfellsbæ fyrir tveimur árum höfum við tekist á við fjölmörg mikilvæg mál sem varða hafnir landsins. Sum þeirra hafa náð fram að ganga á Alþingi, en önnur bíða enn úrlausnar og frekari umræðu. Mikilvægt er að við höldum áfram á þeirri vegferð sem við höfum verið að vinna í frá síðasta þingi sem skilar okkur ekki aðeins fjárhagslegum ávinningi, heldur einnig árangri í skipulagsmálum, umhverfismálum og lagalegu umhverfi. Þessi þróun kallar á skýr viðbrögð af hálfu Hafnasambandsins.

### Á næsta kjörtímabili verða eftirfarandi verkefni í brennidepli:

- *Breytingar á tollalögum farþegaskipa.* Stjórnvöld verða að átta sig á að skattbreytingar sem þessar kunna að hafa í för með sér að farþegaskip endurskoði komu sína til hafna landsins. Þennan málaflökk þarf að leysa hratt og örugglega til að tryggja hagsmuni hafnanna, sveitarfélaga og þjónustuaðila.
- *Öryggi stórra skipa við strendur landsins.* Nýleg atvik hafa varpað ljósi á nauðsyn heildarendurskoðunar á reglugerðum og verkferlum sjóöryggis, sérstaklega með auknum fjölda farþegaskipa sem koma til landsins. Við höfum kallað eftir sömu aðgæslu og önnur lönd, til dæmis Noregur, en framvinda hefur verið hæg. Við verðum að þrýsta á um tafarlaugar aðgerðir til að tryggja öryggi hafna og þeirra sem byggja á þeim.
- *Ný hafnalög.* Ný lög taka gildi sem munu endurskilgreina hafnarsvæði og auka ábyrgð í rafrænu eftirliti. Þetta býður upp á bæði tækifæri og áskoranir. Við verðum að tryggja að hafnirnar séu búnar og fjármagnaðar til að standa undir þessum nýju lagaskyldum.
- *Orkuskipti.* Horft til framtíðar er orkuskipti í sjóflutningum enn eitt brýnt mál. Hafnirnar munu gegna lykilhlutverki í þessari umbreytingu, meðal annars með því að tryggja aðgengi að aukinni raforku fyrir skip af öllum stærðum. Hins vegar þarf verulega fjárfestingu og samvinnu við ríkið til að þetta geti orðið að veruleika.

Að lokum stöndum við frammi fyrir verulegum áskorunum, en einnig spennandi tækifærum. Með áframhaldandi samvinnu er ég fullviss um að við getum yfirstigið þessar hindranir og styrkt framtíð hafna okkar.

Lúðvík Geirsson

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands.